

Ferðapjónusta fatlaðra

Tillaga:

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar leggur til að að horfið verði frá samstarfi við önnur sveitarfélög innan SSH um ferðapjónustu fatlaðra og þess í stað verði undirbúningur hafinn að útboði á akstursþjónustu fyrir fatlaða í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Markmið með útboði verði: skilvirkari þjónusta með auknu sjálfræði notenda án þess að skerða þjónustu eins og hún er skilgreind í þjónustulýsingu.

Fjölskylduráð samþykkir að skipa starfshóp til undirbúnings á útboði. Starfshópurinn munu skipa 3 fulltrúar skipaðir af Fjölskylduráði ásamt fulltrúa frá Ráðgjafarráði fatlaðra. Með hópnun munu starfa innkaupastjóri, fjármálasstjóri og sviðsstjóri fjölskylduþjónustu. Starfshópurinn hefur heimild til þess að fá ráðgjöf sérfræðinga ef þurfa þykir og er auk þess ætlað að taka mið af fyrirbyggjandi þjónustulýsingu og rekstrarupplýsingum sem lagðar hafa verið fram af hálfu núverandi rekstraraðila. Starfshópurinn skal ljúka störfum fyrir 1. Júní 2019.

Greinargerð:

Akstursþjónusta fatlaðra er í eðli sínu nærþjónusta sem byggir í mörgun tilfellum á trausti og persónulegri þjónustu við viðkvæman hóp.

Hlutfall Hafnarfjarðar í sameiginlegri akstursþjónustu er í kringum 15,7% sem eru rúmlega 62 þúsund ferðir á ári. Hafnarfjarðarbær sinnti þessu verkefni fram til ársloka 2014 þegar samningur um sameiginlega akstursþjónustu tók gildi. Þannig er mikil reynsla af verkefninu til staðar hjá sveitarfélaginu auk þess sem sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar hefur setið í samráðshópi félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu á vegum SSH sem fulltrúi sveitarfélagsins í fagráðshópi um akstursþjónustuna sem hefur borið faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu samkvæmt samkomulagi SSH ferðapjónustu fatlaðs fólks frá maí 2014.